

## I.

Ár 2022, fimmtudaginn 7. apríl er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi af Gunnari Guðmundssyni dómara.

Fyrir er tekið:

Málið nr. 1/2022

Erla Marý Sigurpálsdóttir kt. 270598-3159,  
Hlíðarvegur 65, 625 Ólafsfjörður

gegn

Guðmundur Örn Guðjónsson (Íþróttastjóri  
BFSÍ), kt. 091182-3869, Álfhólsvegi 43A, 200  
Kópavogi

Gögn málsins liggja frammi í réttinum.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR

Málið var kært til skrifstofu ÍSÍ þann 15.2. s.l. og var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð, sem liggur fyrir í málinu.

## II.

### Dómkröfur kæranda:

- Myndun á nýju landsliði í bogfimi sem samanstendur af íþróttafólki sem uppfyllir staðla ÍSÍ um að ná sem bestum árangri á erlendum mótum.
- Að Bogfimisamband Íslands skrifi skýrari reglur um val á landsliðsmönnum sem
- stangast ekki á við reglur ÍSÍ.

Dómkröfur kærða:

Kærði krefst frávísunar kærunnar vegna óskýrra dómkrafna og málatilbúnaðar kæranda. • Ellegar að kröfum kæranda verði hafnað þar sem þær eru tilefnislausar. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómstólsins.

## III.

### Málavextir og röksemdir kæranda

Í kæru kemur eftirfarandi fram:

„Þessi kæra er gerð vegna vals á meðlimum í Landslið Íslands í Bogfimi, aðallega í trissuboga kvenna. Mikil óánægja er í bogfimifélögum landsins þar sem auðséð er að besta liðið er ekki að keppa fyrir íslands hönd í trissuboga kvenna.

Þegar kærandi rýndi betur í lög og reglur ÍSÍ og Bogfimisambands Íslands varðandi val á landsliði kom í ljós að val á þessu liði braut á stefnu ÍSÍ þar sem besta íþróttafólkið innan greinarinnar var ekki valið í ár. Einnig kom í ljós að reglur Bogfimisambands Íslands um val á landsliðsmönnum eru mjög óskýrar. Valið virðist vera geðþóttaákvörðun íþróttastjóra.

## Lagarök

- Brot á afreksstefnu ÍSÍ og BFSÍ
- Móta- og keppnisreglur ÍSÍ 9. Grein: Keppni á vegum héraðssambanda: „Rétt til þess að keppa fyrir héraðssamband á hver íþróttamaður, sem hefur keppnisrétt fyrir löglegt íþróttafélag í héraðinu.“
- Lög BFSÍ grein 3.2 „Tilgangur sambandsins og markmið BFSÍ er í meginatriðum: að setja og fylgja eftir reglum, fræða og löggilda dómara og þjálfara, staðsetja og framkvæma mót BFSÍ og staðfesta íslensk met“
- Hegðunarviðmið ÍSÍ; hegðunarviðmið fyrir þjálfara; 3.a) „Allir iðkendur eiga skilið að fá athygli og jöfn tækifæri: 3.1.c) vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur:
- Hegðunarviðmið ÍSÍ; Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk;
  - 2.a) Farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu félagsmenn til að gera það líka.:
  - 3. b. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
    - c. Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
    - e. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti

## Röksemdir

Í afreksstefnu ÍSÍ kemur skýrt fram í markmiðum og viðfangsefni að hækka eigi afreksstig íslenskra íþrótta, efla þátttöku sérsambanda ÍSÍ í alþjóðlegum mótum og að íslenskir keppendur nái sem bestum árangri á alþjóðlegum stórmótum. Þar er einnig tekið fram að þessu er náð með að sérsambönd vinni sig að því að eiga keppendur á alþjóðlegum stórmótum á efsta stigi. BFSÍ tekur undir þessa afreksstefnu og segir að „Megin markmið með skipulögðu afreksstarfi BFSÍ er að afreksfólk og lið BFSÍ skipi sér í sess með þeim bestu í heiminum hverju sinni.“

Uppstilling landsliðsins í trissuboga kvenna fylgir þessum kröfum ekki þar sem að valið landslið telst ekki til topp þriggja og vísun við þar með í meðfylgjandi myndir af skorum móta innanhús og utanhús síðustu þriggja ára. Einnig má nefna að einn

liðsmaður landsliðssins er settur í tvo mismunandi bogfimi flokka sem gengur ekki upp þar sem oft er keppt samtímis í báðum flokkum.

Þegar reglugerð BFSÍ um val á landsliði er skoðuð eru reglurnar mun óskýrari en reglur ÍSÍ benda til að eigi að vera. Í reglum ÍSÍ má sjá að sérsambönd ÍSÍ eigi að skilgreina viðmið afreka svo að hægt sé að veða afrekin saman. Einnig eiga sérsamböndin að skilgreina: „með hvaða hætti og hvernig er staðið að vali á hópum og liðum til æfinga og keppni. Er slíkt háð ákveðnum árangri eða er einstökum aðilum falið slíkt val og þá eftir hvaða reglum eða heimildum“. Reglur BFSÍ kveða á að eitt af þeirra megin markmiðum sé að „setja og viðhalda sem reglum um val á þáttakendum í landslið og landsliðsverkefni“. Hinsvegar þegar reglugerð BFSÍ um landsliðsval er skoðuð má sjá að þessum reglum er ekki fylgt.

Afreksstefna BFSÍ segir að „Íþróttastjóri velur í landslið/ungmennalandslið og landsliðsverkefni í samræmi við reglugerðir BFSÍ.“ Meðal annars segjir afreksstefna BFSÍ að “Viðmiðið er að einstaklingur/lið hafi náð viðeigandi viðmiði fyrir afreksfólk/afreksefni á síðustu 4 árum, en virkni/staða allra er endurskoðuð árlega.” Þetta er ágætis regla ef ekki væri fyrir óljós atriði þess vals inn í annarri reglugerð.

Í reglugerð um erlend mót sem sett var inn á heimasíðuna 06.10.2021, (undirritaður telur hana ekki samþykkt af aðildafulltrúum) og ekki samþykkt með afreksstefnu á síðasta þyngi BFSÍ 13.03.21, segir meðal annars að „Íþróttastjóri velur í landsliðshópa hvers árs á grundvelli eftirfarandi atriða: 1. Skor viðmið; 2. Þátttöku í mótum BFSÍ; 3. Íþróttamannsleg hegðun; 4. Íþróttamaður hafi tilkynnt íþróttastjóra um vilja sinn til þátttöku í landsliðsverkefnum næsta árs og lýst sig reiðubúinn til þess að takast á herðar þann kostnað, bæði fjárhagslegan og í ráðstöfun tíma til æfinga sem þátttaka á alþjóðlegu móti fyrir Íslands hönd kallar á.“

Í atriði númer 2: Er talað um þátttöku í mótum BFSÍ en reglugerðin nefnir engin sérstök mót innan BFSÍ eða viðmið um magn af mótum, sem fer á móti afreksstefnu ÍSÍ um að skilgreina eigi viðmið afreka. Þetta orðalag gerir það að verkum að reglan sé of opin til þess að þjóna sem viðmið við landsliðsval. Fyrir myndun BFSÍ var hefðin að skor úr íslandsmeistaramótum væru notuð sem viðmið fyrir landslið.

Í atriði númer 4: Í reglum BFSÍ að einstaklingur þurfi að gefa kost á sér á hverju ári til þess að vera tekinn til skoðunnar inn í landsliðið. Þetta kemur í veg fyrir sanngirni þar sem í öðrum íþróttasamböndum er valið besta fólkið í liðið og þá haft samband við það til að athuga hvort það gefi kost á sér í landsliðsverkefni. Í móta- og keppnisreglum ÍSÍ, samkvæmt 9. grein stendur „Rétt til þess að keppa fyrir héraðssamband á hver íþróttamaður, sem hefur keppnisrétt fyrir löglegt íþróttafélag í héraðinu.“.

Valið fer greinilega ekki fram eftir afreksstefnu BFSÍ og ÍSÍ. Þrátt fyrir að reglugerð um mót erlendis fyrirfinnist á heimasíðu BFSÍ, þá er sú viðbót ekki samþykkt inn í sjálfri afreksstefnunni.

Hinsvegar er aðalmálið það að besta bogfímifólk landssins hlýtur eiga rétt á að vera í landsliðinu.

#### IV.

Málavextir og röksemdir kærða samkvæmt greinargerð:

“Vegna kæru í máli nr. 1/2022 sem send var til kærða af ÍSÍ 4.3.2022. Kæran kemur kærða, stjórn BFSÍ og forsvarsmanni aðildarfélagi kæranda á óvart. Kærandi hefur engin samskipti haft við kærða, annað starfsfólk BFSÍ eða stjórn BFSÍ áður en þessi kæra er send inn til Dómstóla ÍSÍ. Veldur það kærða vonbrigðum að kærandi hafi kosið að hafa fyrstu samskipti í formi kæru til Dómstóla ÍSÍ í stað þess að senda fyrirspurn til stjórnar BFSÍ, aðildarfélags síns eða kærða til að leita upplýsinga og skýringa á fyrirkomulagi á vali landsliðs.

Kröfugerðin í kærinni og röksemdir kæranda eru illskiljanleg og óskýr og því erfitt að gera greinargerð tengt öllum málalíbúningi sem kærandi setur fram. • Kærði er starfsmaður Bogfímisambands Íslands. Hann verður því ekki persónulega kærður til dómstóls ÍSÍ á grundvelli þeirra krafna og málalíbúnaðar sem kærandi hefur uppi. Fyrri liður kærinnar er illskiljanlegur og því ekki hægt að fjalla um hann efnislega og augljóst er að síðari liður kærinnar getur ekki beinst að starfsmanni sambandsins. • Vísað er á nokkrum stöðum í málalíbúnaði kæranda í reglugerðir ÍSÍ um þátttökurétt keppenda fyrir héraðssamband af óskýrum ástæðum, það tengist ekki hinum kærða, dómskröfum eða málavöxtum. Því óskýrt til hvers er verið að vísa þar. • Kærandi fullyrðir að mikil óánægja sé í bogfímifélögum landsins varðandi val í landslið. Aðildarfélög BFSÍ samþykktu Afreksstefnu BFSÍ einróma á lýðræðislegu Bogfímíþingi 2021. Kærði hefur reglubundin samskipti við forsvarsmenn aðildarféлага sem eru með keppendur á efsta stigi innanlands og ánægja er mjög mikil í aðildarfélögum BFSÍ um stöðu og framkvæmd afreksmála BFSÍ ásamt val í landslið og landsliðsverkefni. Ljóst er af kærinni að kærandi er óánægður með val á landslið en kærði dregur í efa fullyrðingu kæranda að aðildarfélög BFSÍ séu óánægð með valið eða ferlið. • Óskýrt er í hvaða reglur er verið að vísa í tengt „topp þriggja“ sem vísað er í röksemdum í kærinni. • Keppendur í landsliðum keppa reglubundið í mörgum keppnisgreinum og hefur það verið gert í fjölda ára og er í samræmi við reglur BFSÍ og Alþjóðabogfímisambandsins (World Archery) (Reglubók WA 4.3.8). Á Evrópumeistaramóti innandyrna í febrúar síðast liðinn kepptu þrjú keppendur í tveimur greinum og komust allir í úrslit í báðum greinum (skv. skilgreiningu í Afreksstefnu BFSÍ). Á Smáþjóðaleikum 2017 var Íslenskur keppandi að keppa í brons verðlauna leik í tveimur keppnisgreinum á vegum ÍSÍ. Einnig eru margir keppendur sem keppa í mörgum keppnisgreinum á innlendum mótum innan vébanda BFSÍ. • Vægi flestra sönnunargagna sem fylgja kærinni er ekkert þar sem verið er að vísa til niðurstaða sem eru utan þess tímabils sem liggur til grundvallar vali í landslið eins og það er skilgreint í reglugerð BFSÍ um erlend mót og vali í landsliðshóp 2022. Tímabil fyrir landsliðshópa 2022 í reglugerð BFSÍ um erlend mót til þess að ná viðmiðum var 1 október 2020 til 30 september 2021. Íþróttafólk sem ekki hefur sýnt fram á nýlegan

árangur og hefur enga keppnisreynslu er eðlilegt að sé ekki valið í landslið BFSÍ. Í sönnunargögnum kæranda er eina mótið sem kærandi vísar til í sönnunargögnum mót sem kærandi tók ekki þátt í. (Vert er að geta að kærandi keppti á engum mótum innan vébanda BFSÍ á tímabilinu 1 október 2020 til 30 september 2021). • Í röksemdum kæranda eru tengdar saman ótengdar greinar úr Afreksstefnu BFSÍ tengt viðmiði fyrir „Skilgreiningu á afrekum“ og „Val í hópá“. Til þess að ná viðmiðum fyrir nánast öll afrek þarf einstaklingur fyrst að vera valinn í landslið og svo í landsliðsverkefni s.s. til þess að geta verið í topp 50% á HM/EM. (Vert er að geta að íþróttafólkið sem kærandi merkir mest við í sönnunargögnum hafa náð viðmiðum fyrir afrek en ekki kærandi.). • Reglugerð BFSÍ um erlend mót er samþykkt á stjórnarfundum BFSÍ, eins og aðrar reglugerðir, af stjórn BFSÍ, ekki af kærða. Í dómkröfu kæranda er gerð krafa á aðila sem er ekki kærður í kærinni. • Bogfimisamband Íslands er með skýrar reglur um val í landslið og landsliðsverkefni sem fjallað er um í Afreksstefnu BFSÍ og reglugerð um erlend mót sem sett er af stjórn BFSÍ. Kærði er ekki Bogfimisamband Íslands heldur starfsmaður BFSÍ sem vinnur í samræmi við ramma afreksstarfs aðildarféлага BFSÍ (Afreksstefnu BFSÍ), og vinnur eftir þeim reglum sem stjórn BFSÍ setur starfsmanninum í reglugerðum BFSÍ í samræmi við samþykkt aðildarféлага BFSÍ á Afreksstefnu BFSÍ og vali í hópá. • Hinn kærði lagði fyrir áætlaðan þátttakenda listi í landsliðsverkefnum 2022 ásamt fjárhagsáætlun fyrir hvert af áherslu landsliðsverkefnum fyrir stjórn BFSÍ á stjórnar fundi þann 06.10.2021 og var hún samþykkt einróma. Upplýsingar um íþróttafólk í landsliðshópum BFSÍ 2022 voru síðan birtar á vefsíðu BFSÍ og því eru þær upplýsingar búnar að vera opinberar og öllum aðgengilegar í fimm mánuði áður en kærán er sett fram. Er kærán því hvað sem öðru líður allt of seint fram komin, sbr. ákvæði gr. 24.1. í lögum ÍSÍ. • Kærandi vísar í reglur ÍSÍ, þar átti kærandi væntanlega við „Leiðbeiningar með ramma fyrir Afreksstefnur“ þar sem hann tjáir að ekki sé farið eftir því sem þar stendur: „ með hvaða hætti og hvernig er staðið að vali á hópum og liðum til æfinga og keppni. Er slíkt háð ákveðnum árangri eða er einstökum aðilum falið slíkt val og þá eftir hvaða reglum eða heimildum“. Þar stendur skýrt í eigin röksemdum kæranda úr leiðbeiningum ÍSÍ „eða er einstökum aðilum falið slíkt val“ með öðrum orðum íþróttastjóra BFSÍ „og þá eftir hvaða reglum eða heimildum.“ með öðrum orðum reglugerðum BFSÍ. Kærandi svarar sjálfum sér í eigin röksemdum um að ekki sé farið sé eftir leiðbeiningum ÍSÍ með því að vísa í að farið sé eftir leiðbeiningum ÍSÍ við gerð Afreksstefnu BFSÍ? Þetta er illskiljanlegt. • Það ferli að íþróttastjóri eða landsliðsþjálfari velji í landsliðsverkefni og við það fari hann eftir ákveðnum viðmiðum er eðlilegt og gert í mörgum sérsamböndum á Íslandi og í erlendum landssamböndum í bogfimi. Og er í samræmi við eigin röksemdir kæranda sem vísað er í hér fyrir ofan þar sem vísað í er leiðbeiningar ÍSÍ. Í raun eru reglur og val í landslið á vegum BFSÍ til fyrirmyndar og að fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru. • Að íþróttafólk lýsi yfir áhuga sínum að taka þátt í landsliðsverkefnum BFSÍ til starfsmanns BFSÍ sem sér um afreksstarf og skipulag fyrir BFSÍ er ekki óeðlileg krafa. Það er ekki byrði fyrir íþróttafólk að upplýsa BFSÍ um sín markmið eða keppa fyrir hönd sambandsins og er sanngjarnt þar sem allt íþróttafólk hefur sama tækifæri til þess. • Stjórn BFSÍ ákvað að setja ekki fastan fjölda í móta þátttöku sem viðmið í

reglum BFSÍ. Forsendur þess eru meðal annars að bogfimi samanstandur af mörgum íþróttagreinum og mörgum keppnisgreinum innan þeirra og því ekki mögulegt að setja eitt fjölda viðmið sem á við í öllum tilfellum, það mat var því sett í hendur kærða. Íþróttafólk sem ætlar sér að ná árangri og keppa í landsliðsverkefnum fyrir hönd BFSÍ tekur þátt í öllum mótum innan BFSÍ sem standa þeim til boða. Afreksfólk í íþróttum er það fólk sem æfir mikið og vill fá sem mesta keppnisreynslu. Kærði vinnur eftir því viðmiði við matið. • Óskýrt er af hverju vísað er til Eowyn Marie Mamalias í sönnunargögnum kæranda þar sem Eowyn er þegar skilgreind sem varamaður í landslið og í ungmennalandslið BFSÍ 2022 og er mögulega áætluð til keppni í landsliðsverkefnum 2022. Eowyn tók sér hlé frá íþróttinni vegna vinnu (að sögn formanns aðildarfélags hennar) og keppti ekki á mótum á tímabilinu 7 mars til 31 október 2021, sem er stór hluti tímabilsins og hún náði því ekki viðmiðum fyrir landsliðshóp 2022. Fullyrðing kæranda í sönnunargögnum um ástæðu þess að Eowyn hafi ekki tekið þátt á Íslandsmeistaramóti utandyra 2021 samræmist því ekki þeim upplýsingum sem formaður aðildarfélags Eowyn hefur tjáð kærða. Kærði notfærði sér eftirfarandi heimild við að bæta Eowyn við í landsliðs/ungmennalandsliðshóp í nóvember úr reglugerð BFSÍ um erlend mót „Íþróttastjóri hefur heimild til að bæta við keppendum hvenær sem er á árinu í landsliðshóp sem ekki hafa náð viðmiðum s.s. til þess að fylla í lið, bæta við efnilegum keppendum úr hæfileikamótun, vegna tilfallandi verkefna o.s.frv..“. Vali keppenda í áherslu landsliðsverkefni ársins var lokið og því var Eowyn bætt við sem varamanni ef ske kynni að forföll yrðu. Kærði stendur við það val þar sem það fór fram í samræmi við Afreksstefnu BFSÍ og reglugerð BFSÍ um erlend mót og var gert í samráði við Eowyn og formann aðildarfélags Eowyn. Afreksstefna BFSÍ er gerð í samræmi við leiðbeinandi ramma ÍSÍ fyrir afreksstefnur sérsambanda. Starfsfólk ÍSÍ fer yfir Afreksstefnur BFSÍ áður en þær eru lagðar fyrir á Bogfimiþingi til að tryggja að svo sé. Starfsfólk ÍSÍ fór yfir núverandi Afreksstefnu BFSÍ og mat sem svo að Afreksstefna BFSÍ samræmdu leiðbeinandi ramma ÍSÍ fyrir afreksstefnur sérsambanda. Afreksstefna BFSÍ var svo samþykkt einróma af aðildarfélögum BFSÍ á Bogfimiþingi 2021 á lýðræðislegan hátt. Íþróttastjóra var falið að sjá um val í landslið og landsliðsverkefni í samræmi við reglugerðir BFSÍ sem settar eru af stjórn BFSÍ í samræmi við tilgang sambandsins í lögum BFSÍ. Í Afreksstefnu BFSÍ stendur: „Val í hópa Landslið/ungmennalandslið. Íþróttastjóri velur í landslið/ungmennalandslið og landsliðsverkefni í samræmi við reglugerðir BFSÍ.“ Reglugerðir BFSÍ eru samþykktar af stjórn BFSÍ á stjórnarfundum. Kærði starfar eftir reglugerð um erlend mót við val í landsliðshópa BFSÍ og landsliðsverkefni BFSÍ, þar hefur stjórn BFSÍ sett íþróttastjóra BFSÍ ákveðinn ramma sem íþróttastjóri BFSÍ notast við val í landslið, í samræmi við það sem ritað er í Afreksstefnu BFSÍ. Í reglugerð um erlend mót stendur m.a.: „Íþróttastjóri velur í landsliðshópa hvers árs á grundvelli eftirfarandi atriða: 1. Skor viðmið 2. Þátttöku í mótum BFSÍ 3. Íþróttamannsleg hegðun 4. Íþróttamaður hafi tilkynnt íþróttastjóra um vilja sinn til þátttöku í landsliðsverkefnum næsta árs og lýst sig reiðubúinn til þess að takast á herðar þann kostnað, bæði fjárhagslegan og í ráðstöfun tíma til æfinga sem þátttaka á alþjóðlegu móti fyrir Íslands hönd kallar á.“ Að horft sé til við valið á ákveðnu tímabili getustigs, keppnisreynslu, hegðun og áhuga íþróttafólks eru ekki óeðlileg viðmið. En

endanleg ákvörðun og mat liggur hjá íþróttastjóra að meta þessa þætti eftir þeim ramma sem settur er upp í reglugerð BFSÍ um erlend mót við val í landslið og landsliðsverkefni, sem er vald sem aðildarfélag BFSÍ gáfu íþróttastjóra einróma á Bogfimiþingi 2021. Upplýsingar í sönnunargögnum kæranda eru villandi þar sem kærandi velur örfá mót á síðustu þremur árum sem sönnunargögn með kæru þar sem aðeins eitt þeirra er innan tímabils fyrir val í landslið 2022 og upplýsir ekki í sönnunargögnum alla einstaklinga sem valdir eru í landslið og/eða ungmennalandslið trissuboga kvenna s.s. Anna María Alfreðsdóttir, Freyja Dís Benediktsdóttir, Eowyn Marie Mamalias og Sara Sigurðardóttir. Niðurstöður í sönnunargögnum sem vísað eru í eru aðeins úr undankeppni og úrslit úr þeim tveim mótum sem kærandi vísar í árið 2020 eru einnig rangt merkt. Kærandi gerir í villandi sönnunargögnum sínum samanburð á milli Ewa Ploszaj, Astrid Daxböck, Sveinbjargar Rósu Sumarliðadóttir og vísar til nafns kæranda í skýringum tengt sönnunargögnum kæranda. Með greinargerð kærða fylgir hluti af þeim gögnum sem kærði horfir til við val í landslið og landsliðsverkefni til þess að ná hámarks árangri fyrir BFSÍ. Kærði hélt formanni aðildarfélags kæranda upplýstum. Kæran sem hér er til umfjöllunar eru fyrstu samskipti kæranda við kærða frá því að kærði hóf formlega störf sem íþróttastjóri BFSÍ 01.08.2020. Kærði vill nota tækifærið til þess að hvetja kæranda til þess að eiga samskipti við aðildarfélagið sitt um sín markmið og atriði sem kærandi skilur ekki tengt íþróttinni. Eitt af hlutverkum aðildarfélaga í Afreksstefnu BFSÍ er að „kynna afreksstefnuna fyrir sínum félagsmönnum“ og er kærði ávallt innan handar fyrir forsvarsmenn aðildarfélaga BFSÍ til þess að miðla upplýsingum til þeirra og á í reglubundnum samskiptum við þá. Með vísan til þess er hér hefur komið fram telur kærði sig ekki eiga aðild að þessu máli. Þá telur kærði kröfugerðina illskiljanlega og málatilbúnaðinn allan vera óskýran og órökstuddan. Þrátt fyrir þetta hefur kærði freistað þess að gera grein fyrir reglum og aðferðum sem BFSÍ (sem ekki er aðili að málinu) byggir á við val í landslið. Eru reglurnar samþykktar með lögmætum hætti, þær eru skýrar og sanngjarnar. Eftir þeim hefur verið farið og ekki hefur hallað á kæranda með nokkrum hætti. Málgrundvöllur kæranda er með öllu tilefnislaus og ranglega beint að kærða sem einstaklingi í starfi hjá íþróttasambandi. Kærði hefur lagt mikla vinnu í þessa greinargerð og hefur að auki neyðst til að kaupa aðstoð löglærðs aðila og því þurft að leggja í kostnað sem er beint fjárhagslegt tjón vegna þessa tilhæfulausa máls. Fyrirvari: Upptalning framlagðra gagna kemur fram hér að neðan. Kærði áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn, leiða vitni og færa frekari rök fyrir kröfum sínum við síðari meðferð málsins ef þörf krefur. Að lokum ítrekar kærði dómkröfur sínar.”

## V.

### **Niðurstaða:**

Eins og mál þetta er lagt fyrir dómstólinn af kæranda verður ekki talið að það sé tækt til meðferðar. Nokkur skortur er á skýrleika í málatilbúnaði kæranda bæði hvað varðar aðild og dómkröfur. Verður að telja að þessi vanreifun uppfylli ekki skilyrði greinar 26.2. í lögum ÍSÍ. Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

## VI.

### ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson

*Kærendum er bent á ákvæði 24.3 í lögum ÍSÍ, en þar segir: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með. Þá er kærendum einnig bent á ákvæði 33.1 í lögum ÍSÍ, en þar segir að heimilt sé að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ og af grein 33.3 leiðir að frestur til að skjóta máli til áfrýjunardómstóls er ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.*